STEF
THE PERFORMING RIGHTS SOCIETY OF ICELAND

Laufásvegi 40 · IS-101 Reykjavík · Iceland
Tel.:(+354)561 6173 · Fax (+354)562 6273
www.stef.is · info@stef.is

Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 30.08.2022

Varðar: Umsögn STEFs – stefna í málefnum tónlistar 2023-2030

Fyrst og fremst vill STEF þakka fyrir að fá að hafa komið að vinnu starfshóps ráðuneytisins um gerð tónlistarstefnu fyrir Ísland 2023-2030 sem að leiddi síðan af sér frumvarp til laga um tónlist.

STEF fagnar því sérstaklega að með þessu skrefi hefur í fyrsta sinn orðið til heilstæð opinber stefna á sviði tónlistar á Íslandi svo og að henni fylgi aðgerðaráætlun.

Í stefnunni er að finna mörg metnaðarfull markmið sem lúta að flestum hliðum tónlistarlífs hér á landi eins og húsnæðismálum, varðveislu menningarverðmæta tónlistar, tónlistarmenntun, stuðning við framsækinn tónlistariðnað og skilvirkt sjóðakerfi svo og áherslu á útflutning tónlistar. Ljóst er að hluti af þessum markmiðum eru innan verksviðs annarra ráðuneyta en ekki kemur þó skýrt fram í stefnunni hvort þau ráðuneyti séu tilbúin til að takast á við viðkomandi verkefni og hver aðkoma þeirra að stefnunni hefur verið.

Til viðbótar við þau markmið sem fram koma í stefnunni hefði verið eðlilegt að sjá þar einnig vísað til áforma um Þjóðaróperu.

Þá vill STEF einnig benda á að í stefnunni hefði mátt kveða á um nauðsynlega heildarendurskoðun á höfundalögum sem að svo mörgu leyti eru orðin barn síns tíma og við þá endurskoðun svo og við innleiðingu tilskipana ESB um höfundarétt verði haft að leiðarljósi að þau réttindi sem höfundalög tryggja helstu hagsmunaaðilum tónlistargeirans, höfundum, flytjendum og framleiðendum séu hornsteinn þess að tónlist geti verið fullgild og eftirsóknarverð atvinnugrein.

Nú þegar má sjá afrakstur endurskipulagningu sjóðakerfis tónlistar í nýjum drögum um tónlist svo og markmið um tónlist sem skapandi atvinnugrein með stuðningi Tónlistarmiðstöðvar sem stofnuð verður á næstu mánuðum. Er þetta afskaplega ánægjulegt.

Hins vegar er ljóst að til að náð verði einhverjum af öðrum metnaðarfullum markmiðum þessarar stefnu í málefnum tónlistar þarf að tryggja fjármagn til geirans til framtíðar umfram það sem fylgir stofnun Tónlistarmiðstöðvarinnar og endurskipulagningu sjóðakerfisins, auk þess sem nauðsynlegt er að fara í vinnu við að skapa þessum markmiðum farveg með

STEF
THE PERFORMING RIGHTS SOCIETY OF ICELAND

Laufásvegi 40 · IS-101 Reykjavík · Iceland
Tel.:(+354)561 6173 · Fax (+354)562 6273
www.stef.is · info@stef.is

endurskoðun fjölmargra laga og reglugerða. Í því sambandi hefði aðgerðaráætlunin gjarnan mátt vera ítarlegri en raunin er.

Virðingarfyllst
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri